

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Arnarfirði



Dags eftirlits	22.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu sem snúa að upplýsingaskyldu rekstraraðila og geymslu olútunna og ein ábending var sett fram sem varðar uppfærslu á vöktunaráætlun með lýsingu á ferlum sem geta leitt til annars hvíldartíma en 90 daga.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða sjókvíaeldi Arnarlax í Arnarfirði. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 10.000 tonn. Sjókvíaeldissvæðin eru þrjú, sjókvíaeldissvæði A, Haganes og Steinanes. Sjókvíaeldissvæði B, Tjaldaneseyrar og Hlaðsbót. Sjókvíeldisstöð C, Hringsdalur og Kirkjuból. Steinanesi var í hvíld þegar eftirlitið fór fram, Hlaðsbót og Kirkjuból hafa aldrei verið í notkun.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang 2021
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
- Vöktunaráætlun og - skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Beiting stjórnvaldssekta
- Skoðunarferð í kvíar

Þrjú frávik voru skráð í eftirliti árið 2021 er varða staðsetningu eldissvæðisins við Haganes og eldissvæðisins við Steinanes og upplýsingaskyldu rekstraraðila og hefur þeim verið lokað.

Heildarframleiðsla var 13.089 tonn á árinu 2021. Hámarkslífmassi á hverjum tíma var undir mörkum starfsleyfis. Heildar losun fosfórs var undir leyfilegri losun í starfsleyfi. Fiskur er í 14 kvíum í Tjaldanesi og 13 í Hringsdal, sett var út í Hringsdal á tímabilinu frá maí til ágúst 2022, áætlað er að setja út í Steinanes júlí eða ágúst 2023.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar um tíðni eftirlits árið 2023.

Heimild til beitingar stjórnvaldssektar var kynnt fyrir rekstraraðila.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna. Umhverfisstofnun fór ítrekað fram á að fá upplýsingar vegna eftirlitsins sendar. Rekstraraðili veitti ekki upplýsingar þegar eftir þeim var óskað. Upplýsingar bárust eftir ítrekaða ósk stofnunarinnar

Farið var út í kvíar, meðhöndlun úrgangs og spilliefna var í samræmi við starfsleyfi nema á pramma við Tjaldanes þar sem olútunna var geymd þar sem ekki var olíuskilja eða á olúgildru.

Dauðfiskur er að hluta til fluttur í land og settur í maurasýru til meltugerðar og að hluta settur í meltu um borð í þrómmunum sem er svo send til endurvinnslu.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

3 mgr. 62. gr. laga um nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengnarvarnir.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna. Rekstraraðili veitti ekki upplýsingar þegar eftir þeim var óskað. Upplýsingar bárust eftir ítrekaða ósk stofnunar og er fráviki því lokað.

Gr. 2.1 í starfsleyfi.

Í starfsleyfi kemur fram að gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Olíutunna var geymd í rými á pramma við Tjaldanes þar sem ekki var olúskilja eða olúgildra. Skv upplýsingum frá rekstraraðila er búið að fjarlægja tunnuna og frávikið því lokað.

ÁBENDINGAR

Óskað hefur verið eftir því að rekstraraðili sendi uppfærða eða nýja viðbragðsáætlun til Umhverfisstofnunar eða að vöktunaráætlun verði uppfærð með lýsingu á ferlum sem geta leitt til annars hvíldartíma en 90 daga.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.01.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

